

Fundur haldinn í félagsheimilinu Múla.

Á dagskrá var undirbúningur íbúafundar og önnur málefni.

Fundur hófst kl 15:00

Mætt voru:

Halla Ingólfssdóttir

Bjarni Reykjalin Magnússon

Karen Nótt Halldórsdóttir

1. Áningarstaður, styrkur fyrir gerð áningarstaðar.

Sú tillaga kom frá bænum að sótt yrði um styrk til þess að útbúa áningarstað í Grímsey og hverfisráð beið um að leggja til ákjósanlega staðsetningu.

Hins vegar er það álit hverfisráðs, sem og almennt álit íbúa, að ekki sé þörf á slíkum áningarstað, enda sé nú þegar til einn slíkur á vesturbakka eyjunnar og bekkir og lautir víða við stíga. Ferðamenn koma til Grímseyjar til þess að upplifa ósnerta náttúru, gera flestir ráð fyrir útivist við heimskautsbaug og geta víða tyllt sér á bekki eða hreinlega á jörðina.

Íbúar vilja sem fæst mannvirki á Eyjarfótinn og tekur hverfisráð undir það.

Eins er almenn sú skoðun íbúa að tilgangslaust sé að kosta til í "skreytingar" á meðan girðingar, götur og byggingar eru í ólestri og ekkert deiliskipulag í gildi. Því var ákeðið að hverfa frá hugmynd um áningarstað, í bili í það minnsta.

2. Dagskrá íbúafundar ákveðin. Nokkur málefni voru á dagskrá að beiðni íbúa:

1. Ferjan - er aðeins á einni vél og nýkomin úr öðrum slipp frá því að hún fór í langan slipp í sumar.
2. Girðingar. Hver á hvað og hverjum ber að borga hvað? Hver á Almanning? Deiliskipulag.
3. Almenningsalerni á bryggju - ónýtt síðan í sumar og þörf á fleirum á sumrin.
4. Vegirnir. Þarfnast sárlega viðgerða.
5. *Skólastofan í Múla - innanhússumræður*
6. *Ræktin og speglarnir - innanhússumræður*
7. Önnur mál

3. Hellt upp á kaffi og raðað upp í sal fyrir íbúafund.

Fundi lauk kl. 16:00